

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2014

038-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 817/2013 frá 28. ágúst 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar arabískt gúmmi sem er umbreytt með oktenýlrafsýru ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 818/2013 frá 28. ágúst 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á súkrósaesterum af fitusýrum (E 473) í bragðefni fyrir tæra, bragðbætta drykki sem eru að stofni til úr vatni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 851/2013 frá 3. september 2013 um leyfi fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
 - „– **32013 R 0817**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 817/2013 frá 28. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 7),
 - **32013 R 0818**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 818/2013 frá 28. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 12).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):
 - „– **32013 R 0851**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 851/2013 frá 3. september 2013 (Stjtið. ESB L 235, 4.9.2013, bls. 3).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
 - „– **32013 R 0817**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 817/2013 frá 28. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 7).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 235, 4.9.2013, bls. 3.

4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 77. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013):

„78. **32013 R 0851**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 851/2013 frá 3. september 2013 um leyfi fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (Stjtið. ESB L 235, 4.9.2013, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 817/2013, (ESB) nr. 818/2013 og (ESB) nr. 851/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.